

## AUGLÝSING

### um fjöldatakmörkun í iðjuþjálfunarfræði við heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri.

1. gr.

Fjöldi þeirra nemenda sem öðlast rétt til náms á vormisseri 1. námsárs í iðjuþjálfunarfræði á vormisseri 2013 við heilbrigðisvísindasvið miðast við grunntöluna 25 nemendur.

2. gr.

Ákvörðun þessi, tekin af háskólaráði, skv. lögum nr. 85/2008 með síðari breytingu, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 404/2011 um fjöldatakmörkun í iðjuþjálfunarfræði við heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri.

*Háskólanum á Akureyri, 20. apríl 2012.*

**Stefán B. Sigurðsson** rektor.

---

B-deild – Útgáfud.: 9. maí 2012